

Aðeins DK, NO, SE, FI og IS. 18+. Vinningshafi/gestur verður að vera 21 árs eða eldri. Kaupu Pringles dós, farðu á www.pringles.com/mysteryflavour skrá þig/skráðu þig inn á milli 06.01.2026 og 07.05.2026 til að giska rétt á leynibragðið og taka þátt í happdrættinu. Verðlaun: 1 x 5 náttu ferð til Los Angeles, Bandaríkjunum fyrir 2. Innifalið er flug, akstur til og frá hóteli og 4 stjörnu gisting með morgunverði (útilokaðar dagsetningar gilda, ferðina verður að bóka innan 12 mánaða). Hámark 1 þátttaka á mann. Snjallsími og netaðgangur nauðsynlegur. Geymdu kvittunina. Skilmálar og skilyrði í heild sinni: pringles.com/mysteryflavour.

Skilmálar í heild sinni:

1. Þessi leikur er opinn íbúum Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, Íslands og Finnlands, 18 ára eða eldri, að undanskildum starfsmönnum leikshaldara, umboðsmönnum hans, dreifingaraðilum eða tengdum fyrirtækjum leikshaldara eða nánustu fjölskyldumeðlimum (skilgreint sem foreldrar, börn, systkini, makar og lífsförunautar og hver annar einstaklingur á sama heimili) og hvern þann sem tengist þessum leik í faglegum tilgangi.
2. Nauðsynlegt er að kaupa vöruna. **Vinsamlegast geymdu sundurliðaða kvittun sem tilgreinir með tíma- og dagsetningu að kaupin hafi farið fram áður en vinningur er sóttur en þó innan leiktímabilsins, þar sem þú gætir þurft að sýna hana til staðfestingar áður en verðlaun eru afhent.** Fyrir þátttöku er nauðsynlegt að hafa netaðgang, snjallsíma með myndavél og reikning á síðu Kellogg's.
3. Athugaðu að þótt við viljum hvetja þig til þátttöku í leiknum og til að njóta fríðindanna í leiknum, tölum við alltaf fyrir ábyrgri neyslu á vörum okkar. EKKI kaupa fleiri vörur en þú getur notað eða neytt með sanngjörnum hætti til að taka þátt í þessum leik.
4. **Leiktímabil:** Taktu þátt frá kl. 00:01 þann 6. janúar 2026 til kl. 23:59 þann 7. maí 2026 að báðum dögum meðtöldum.
5. **Til að taka þátt:** Þátttakendur verða að:
 - a. Kaupa dós af Pringles Mystery Flavour;
 - b. Notað snjallsíma til að fara á poptopia.pringles.com og velja „Guess the Flavor“-upplifunina;
 - c. Skrá sig inn með Kellogg's reikningi eða stofna nýjan reikning;
 - d. Giska hvert leynibragðið er;
 - e. Smella á „Staðfesta núna“;
 - f. Allar gildar þátttökuskráningar sem giska á rétt bragð fara í pott.
6. **Frekari þátttökuskilyrði:**
 - a. Það er mögulegt að snjallsímar með eldri stýrikerfi en iOS 14 eða Android 9, og iPhone 8-símar eða eldri geti ekki hlaðið gögnum nógu hratt og þannig haft áhrif á keppnistíma þátttakanda.
 - b. Aðeins er hægt að ræsa Poptopia með því að nota Safari útgáfu 17.1 eða nýrri farsíma, Samsung Internet útgáfu 23 eða nýrri, eða Google Chrome útgáfu 119 eða nýrri ef hún er opnuð í snjallsíma. Öll forrit verða að geta notað JavaScript til að ræsa Poptopia.
7. Hver þátttakandi má einungis taka þátt einu (1) sinni á leiktímabilinu.
8. Vinningshafinn verður að geyma sundurliðuðu kvittunina sem fylgir skráningu hans þar sem hann gæti þurft að framvísa henni til staðfestingar og til að hann fái vinninginn afhentan. Ef þátttakandi getur ekki lagt fram kvittun þegar leikshaldari óskar eftir því getur sá þátttakandi ekki lengur tekið þátt í leiknum og þátttökuskráning hans fellur úr gildi.

9. **Verðlaun:** Á leiktímabilinu eru ein (1) verðlaun í boði og er það 5 náttu ferð fyrir tvo til Los Angeles í Bandaríkjunum, að verðmæti um það bil 4.880 evrur/ 36.448 DKK/ 57.298 NOK/ 53.823 SEK/ 691.008 ISK sem inniheldur:

- a. Flug á almennum farrými til og frá Los Angeles í Bandaríkjunum;
- b. Akstur til og frá flugvelli í Los Angeles;
- c. 5 náttu gisting á 4 stjörnu hóteli í Los Angeles með morgunverði.

10. **Frekari upplýsingar um verðlaun og skilyrði:**

- a. Umsjónaraðili vinninga er Element London Ltd („**Umsjónaraðili vinninga**“).
- b. Hver vinningur gildir fyrir vinningshafa og einn (1) gest.
- c. Að minnsta kosti einn einstaklingur sem ferðast í vinningsferðinni verður að vera eldri en 21 árs. Ef vinningshafinn er ekki eldri en 21 árs verður gestur hans að vera það.
- d. Ef vinningshafinn er eldri en 21 árs verður gestur hans að vera eldri en 18 ára.
- e. Vegna eðlis vinningsins er uppgefið verðmæti áætlað og getur breyst eftir markaðssveiflum og því hvencær hann er innleystur.
- f. Vinningshafinn fær ekki reiðufé eða annars konar bætur ef raunverulegur vinningskostnaður er lægri en áætlað er í 9. grein í þessum skilmálum og skilyrðum.
- g. Boðið verður upp á flug aftur heim frá alþjóðlegum flugvelli nálægt vinningshafanum sem er með flugferðir til Los Angeles, háð heimilisfangi sigurvegarans. Val á hvaða stóra alþjóðaflugvelli flogið er frá er háð mati leikshaldara og umsjónaraðila vinninga.
- h. Gisting miðast við að tveir (2) fullorðnir deili tveggja manna herbergi í fimm (5) nætur í Los Angeles, Bandaríkjunum; dvölin verður að innihalda laugardagskvöld og gististaður verður valinn af umsjónaraðila vinninga.
- i. Bóka þarf ferðina innan 12 mánaða frá móttöku vinnings, ferðatímar eru háðir framboði. Vinningshafi verður að gefa umsjónaraðila vinninga upp þrjár ákjósanlegar ferðadagsetningar yfir þrjá aðskilda mánuði og að minnsta kosti 6 vikna fyrirvara um valda dagsetningu dvalar. Ekki er hægt að nýta vinninginn á eftirfarandi dögum: Valentínusardag, jól, gamlárskvöld, páska, skólafrí og almenn frí í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi eða Íslandi.
- j. Ferðatilhögun, þar með talið kostnaður vegna almenningssamgangna, eldsneytis eða bílastæða, ferða til og frá heimili vinningshafa eða gesta og brottfararflugvallar, er ekki hluti af vinningnum og er á ábyrgð vinningshafa og ferðafélaga hans. Til að taka af allan vafa er eftirfarandi ekki innifalið í vinningi: ferðir innanlands, matur, drykkur, hótalgjöld, skoðunarferðir, skemmtanir, meðferðir, vegabréfsáritanir, minjagripir, þjófnef, bílastæðagjöld eða annar persónulegur kostnaður sem er ekki beinlínis settur fram í skilmálum þessum og hvorki leikshaldari né veitandi nokkurs hluta vinninga (þar með talið umsjónaraðili vinninga) ber ábyrgð á slíkum kostnaði. Akstur milli heimilis vinningshafa og brottfararflugvallar er ekki innifalinn.
- k. Skilmálar sem tengjast tilteknu upplifuninni geta átt við og verða þeir kynntir við bókun hjá umsjónaraðila vinninga.
- l. Allir skattar á millilandaflug, aukagjöld og eitt stykki innritaður farangur á mann eru innifalinn.
- m. Samskipti varðandi vinning fara fram með tölvupósti á milli umsjónaraðila vinninga og vinningshafa. Umsjónaraðili vinninga skal leitast við að veita vinningshafa upplýsingar um vinninginn við fyrsta tækifæri. Leikshaldari og umsjónaraðili vinninga hafa ákvörðunarvald um alla þætti og endanlegt skipulag vinninga. Þegar vinningsupplýsingarnar, þar á meðal dagsetningar og staðsetningar, hafa verið staðfestar getur vinningshafinn ekki breytt þeim.
- n. Það er á ábyrgð vinningshafa og gesta hans að útvega viðeigandi tryggingar (þar með talið en ekki takmarkað við sjúkra- og ferðatryggingar, tryggingar fyrir þjófnaði, tjóni og eignatjóni) sem kann að vera krafist eða skynsamlegt að hafa.

- o. Allir þættir vinninga eru háðir framboði. Leikshaldari áskilur sér rétt til að skipta út hvaða þætti vinningsins sem er fyrir annan vinning sem er jafn að verðmæti eða hærri ef upphaflegi vinningsþátturinn er ekki tiltækur.
- p. Þegar miðar hafa verið gefnir út gilda þeir aðeins fyrir þau flug, dagsetningar og tíma sem sýnd eru. Engir aðrir kostir eru í boði. Nafnabreytingar á flugi eftir staðfestingu eru ekki leyfðar.
- q. Flug kann að vera með millilendingu, ekki er víst að allar leiðir verði í boði og umsjónaraðili vinninga sér um skipulagningu flugferðar.
- r. Vinningshafi og gestur hans verða að hlíta og eru háðir útgefnum skilyrðum flugfélagsins um flutning.
- s. Vinningshafinn á ekki rétt á bótum og getur ekki gert kröfu á skipuleggjendur, umboðsaðila vinninga eða leikshaldara ef ferðinni, eða öðrum viðburði sem er hluti af vinningnum, er seinkað, frestað eða hætt við hana.
- t. Setustofupassar og uppfærslur eru ekki leyfðar. Ekki er hægt að nota flug til að fá vildarpunkta hjá leikshaldara eða nýta önnur vildarkerfi eða annan afslátt, afsláttarmiða, inneignir, kynningar eða sértílbóð. Ekki er hægt að skrá vildaratriði á flugmiðana.
- u. Flugsæti eru háð framboði.
- v. Vinningshafi og gestur hans þurfa vegabréf sem gildir í að minnsta kosti 6 mánuði frá ferðadegi. Allar nauðsynlegar vegabréfsáritanir eru á ábyrgð vinningshafa og gests. Ef vinningshafi eða gestur geta ekki ferðast vegna vegabréfsáritunar eða annarra persónulegra aðstæðna verða engir aðrir miðar gefnir út og engar bætur eða aðrir vinningar veittir þess í stað.
- w. Vinningshafi og gestur verða að ferðast saman í öllum tilvikum, á sömu dagsetningum og tíma, fara í sömu ferð og deila sama herbergi í öllum gistirýmum. Vinningshafinn afsalar sér vinningnum að öllu leyti ef vinningshafinn kemst ekki í fyrirhugaða bókun og leikshaldari og allir veitendur vinningshluta hafa engar frekari skuldbindingar við vinningshafa.
- x. Allir þættir vinnings skulu vera hluti af sömu ferð.
- y. Vinningshafinn ber ábyrgð á eigin hegðun og hegðun gests þegar hann nýtir vinninginn. Leikshaldari áskilur sér rétt eftir eigin geðþóttu til að útiloka vinningshafa og/eða gesti hans frá þátttöku í einhverjum þáttum vinningsins ef annar hvor aðili: (i) hlýðir ekki fyrirmælum leikshaldara eða fyrirtækja sem tengjast vinningnum; eða (ii) hagar sér á þann hátt sem er hættulegur þeim sjálfum eða almenningi; eða (iii) er, að mati leikshaldara, andfélagslegur á nokkurn hátt eða veldur ónæði eða óþægindum fyrir aðra. Ef ekki er farið að þessum skilmálum og skilyrðum getur það leitt til þess að vinningurinn verði afturkallaður (að öllu leyti eða að hluta).
- z. Vinningshafinn ber einn ábyrgð á öllum aukagjöldum sem stofnað er til á hótelinu meðan á dvöl hans stendur, þar með talið, án takmarkana, kostnaði við máltíðir, drykki, herbergisþjónustu, aukanaætur og þjónustu ásamt sköttum.
- aa. Nauðsynlegt er að innrita sig í herbergið með gildu kredit- eða debetkorti og verður það notað til að tryggja tilfallandi gjöld eins og símtöl innan herbergis eða þjónustu.
- bb. Leikshaldari greiðir kostnað við venjulegt herbergi ásamt tengdum herbergissköttum.
- cc. Ef vinningshafinn kýs að nota hluta vinningsins ekki, eða getur ekki nýtt sér hann missir vinningshafinn þeim hluta vinningsins.
- dd. Vinningnum er fyrirgert ef:
 - i. vinningshafinn eða gestur hans hefur ekki fengið öll viðeigandi ferðaskilríki fyrir þann dag sem leikshaldari tilgreinir;
 - ii. hömlur eru á ferðafrelsi vinningshafa eða gests sem koma í veg fyrir að þeir geti ferðast á tímabilinu; eða
 - iii. vinningshafinn eða gestur hefur einhverja læknisfræðilega, lagalega eða aðra ástæðu sem gæti komið í veg fyrir að þeir geti tekið við vinningnum og nýtt sér hann.

ee. Það er á ábyrgð vinningshafa að gefa upp réttar, uppfærðar upplýsingar þegar hann skráir sig í leikinn og/eða staðfestir að vinningurinn sé samþykktur til að hægt sé að veita honum vinninginn. Leikshaldari getur ekki borið ábyrgð á því að vinningshafi hafi ekki gefið upp nákvæmar upplýsingar sem hafi áhrif á móttöku eða afhendingu vinnings.

ff. Það er á ábyrgð vinningshafa og gests hans að skoða allar ferðaráðleggingar sem stjórnvöld gefa út til að ákvarða hvort þeir vilji sætta sig við áhættuna af því að ferðast á áfangastaðinn. Leikshaldari ber ekki ábyrgð á tapi eða tjóni sem vinningshafi eða gestur verða fyrir vegna eigin vanrækslu á að fylgja ferðaráðgjöfum sem stjórnvöld hafa gefið út. Vinningshafinn og gestur hans verða að hlíta og bera ábyrgð á að afla allra upplýsinga varðandi ráðlagða bólusetningu og fá þær bólusetningar og heilbrigðisreglur sem krafist er í hvaða landi sem er.

gg. Vinningshafinn verður að upplýsa leikshaldara, noti hann hjólastól eða annars konar hjálpartæki eða hafi sérstakar aðgengisþarfir.

11. **Val á vinningshafa:** Einn (1) bráðabirgðavinningshafi verður valinn af handahófi úr öllum gildum skráningum sem berast og sem giska á rétta bragðtegund á leiktímabilinu. Til þess að fyllsta öryggis sé gætt, fer vinningsdrátturinn fram undir umsjón PromoVeritas sem er óháður vottunaraðili, innan 5 virkra daga frá lokum leiktímabilsins.

Rétt svar fyrir leyndardómsbragðið er ákveðið að eigin ákvörðun kynningaraðila fyrir kynningartímabilið og verða þátttakendur að stafsetja það rétt til að teljast gild skráning. Tekið er við svörum á dönsku, norsku, finnsku, sænsku eða ensku. Einstök og fleirtölumynd getgáta eru samþykkt.

12. **Val á aukavinningshafa:** Fari svo að enginn giski á rétt leynibragð og því verði ekki hægt að velja vinningshafa (skv. 11. grein hér að ofan) verða (einungis í því tilviki) dregin út aukaverðlaun og einn (1) bráðabirgðavinningshafi verður valinn af handahófi úr öllum gildum skráningum sem berast á leiktímabilinu í staðinn. Í þessu tilviki verður vinningingur dreginn út af PromoVeritas, óháðum vottunaraðila, innan 5 virkra daga frá lokum leiktímabilsins, ef val á vinningshafa (sbr. 11. ákvæði hér að ofan) hefur ekki farið fram og er ekki hægt að framkvæma.
13. **Vinningshafi látinn vita:** Haft verður samband við bráðabirgðavinningshafa í gegnum netfangið sem er skráð á Kellogg's reikning hans innan 10 virkra daga frá vali vinningshafa og verður hann beðinn um að auðkenna sig og staðfesta að hann uppfylli skilyrði. Þegar staðfesting hefur fengist verður bráðabirgðavinningshafi tilkynntur sem vinningshafi. Ef bráðabirgðavinningshafi svarar ekki fyrstu skilaboðum innan 14 daga áskilur leikshaldari sér rétt til að vísa þátttakanda úr leik og afhenda vinninginn varavinningshafa sem valinn er með sama hætti. Varavinningshafar gætu haft styttri tíma til að svara. Reynt verður að hafa samband við bráðabirgðavinningshafa með sanngjörnum hætti.
14. **Samþykkt og afhending verðlauna:** Þegar bráðabirgðavinningshafi hefur staðfest auðkenni sitt og ljóst er að hann uppfylli skilyrði fær hann sendan tölvupóst sem staðfestir að hann sé vinningshafi ásamt frekari upplýsingum um vinninginn. Vinsamlegast athugið að það getur tekið allt að 10 daga þar til tilkynningin berst á netfangið sem gefið var upp við skráningu Kellogg's reiknings.
15. Ef svo ólíklega vill til að tölvupóstur með frekari upplýsingum um vinninginn berist ekki innan 10 daga frá því að tilkynnt er um vinningshafa hefur vinningshafinn 28 daga til viðbótar til að tilkynna leikshaldara með því að fara á Hafðu samband síðuna á [Pringles.com](https://www.pingles.com). Ef vinningshafi gerir það ekki áskilur leikshaldari sér rétt til að endurútgefa ekki vinninginn eða takmarka verðmæti þeirra að eigin ákvörðun.

16. Það er á ábyrgð vinningshafans að gefa upp réttar persónuupplýsingar á Kellogg's reikningi sínum til að sækja vinninginn sinn. Leikshaldari ber ekki ábyrgð á því, verði vinningur ekki afhentur vegna rangra upplýsinga. Ekki er hægt að uppfæra netfang eða pósthfang vinningshafa eftir skráningu.
17. Vinningshafinn ber ekki kostnað við að sækja vinninginn. Neytandi kann að stofna til kostnaðar við að taka þátt í leiknum. Vinningshafi þarf ekki að ekki stofna til neins kostnaðar á meðan leikshaldari gerir ráðstafanir til þess að afhenda vinningshafa vinninginn en hann gæti borið kostnað þegar vinningurinn er notaður.
18. Leikshaldari getur farið fram á að vinningshafi taki þátt í sanngjörnu kynningarstarfi vegna leiksins, þar með talið notkun á nafni vinningshafa, rödd, heimabæ, myndir, myndskleið og/eða annað myndlíkt í auglýsinga- og/eða viðskiptalegum tilgangi og/eða í öðrum tilgangi á hvaða miðli eða sniði sem er nú eða hér eftir, án frekari bóta (fjárhagslega eða annars). Þátttaka er á valdi vinningshafa og er ekki skilyrði fyrir móttöku vinninga.
19. Leikshaldari leitast við að standa fyrir sanngjörnum og öruggum leik og koma í veg fyrir misnotkun og svindl. Ef þú skráir þig á hvern þann hátt sem er ekki í samræmi við þessa skilmála og skilyrði verða færslur þínar (og öll tengd samnefni þín) dæmd úr leik, allir vinningar sem þér kunna að hafa verið veittir gætu verið ógildir og endurheimtanleg og leikshaldari áskilur sér rétt til að meina þér þátttöku í framtíðarleikjum á hans vegum í að minnsta kosti sex (6) mánuði. Af þessum sökum áskilur leikshaldari sér rétt til að:
 - a. Staðfesta hæfi þátttakenda og/eða bráðabirgðavinningshafa með því að óska eftir þeim upplýsingum sem leikshaldari telur nauðsynlegar í þessu skyni. Heimilt er að halda eftir þátttöku eða vinningi nema og þar til sannprófun sé lokið með fullnægjandi hætti.
 - b. Fella úr keppni skráningar sem ekki eru gerðar af þeim einstaklingi sem er skráður þátttakandi í leiknum.
 - c. Fella úr keppni skráningar sem gerðar voru með ónafngreindri tölvupóstþjónustu, til dæmis, en þó ekki takmarkað við, GuerillaMail, Dispostable eða Mailinator.
 - d. Fella úr keppni magnskráningar þátttöku frá einstaklingum, fyrirtækjum, neytendahópum eða þriðju aðilum, skráningar sem ekki eru fullkláraðar og skráningar skráðar með notkun fjölvaskipana (e. „macros“) eða annarri sjálfvirkni.
 - e. Fella úr keppni skráningar umfram leyfilegt hámark eða þær sem nota tækni eins og „skriftu“, „brute force“, mörg SIM-kort fyrir textafærslur, leyndu auðkenni með því að vinna með IP-tölur, nota samnefni eða auðkenni önnur en þeirra eigin eða með öðrum hætti.
 - f. Fella úr keppni skráningar sem á einhvern annan hátt uppfylla ekki kröfur þessara skilmála.
20. Þátttakendur verða að fylla út upplýsingar sínar með löglegu nafni. Leikshaldari áskilur sér rétt til að vísa þátttakanda úr keppni sem notar mörg nöfn, netföng eða pósthföng og krefjast þess að þeir skili vinningum sem þeir kunni að hafa unnið.
21. Verðlaunin eru hvorki framseljanleg né skiptanleg og ekki er hægt að innleysa vinninginn fyrir peningaverðmæti eða fyrir neina aðra endurgreiðslu. Ef einhver hluti vinningsins er ekki tiltækur, af einhverjum ástæðum, áskilur leikshaldari sér rétt til, að eigin ákvörðunum, að skipta öðrum verðlaunum út fyrir þau, jafnverðmæt eða meira.

22. Ef ekki er hægt að framkvæma leikinn eins og til er ætlast af ástæðum þar á meðal, en ekki takmarkað við, átt við, óheimilum afskiptum, svikum, óheiðarleika, tæknibresti eða öðrum orsökum sem leikshaldari hefur ekki stjórn á og spillir eða hefur áhrif á umsjón, öryggi, sanngirni, heiðarleika eða rétta framkvæmd þessa leiks, áskilur leikshaldari sér rétt til að víkja úr keppni hverjum þeim einstaklingi sem hefur átt við skráningarferlið eða uppfyllir ekki þessa skilmála og skilyrði, eða ógilda allar skráningar sem hafa áhrif á hana og/eða að hætta við, breyta leiknum eða hætta framkvæmd hans.
23. Ekki er hægt að taka ábyrgð á þátttökuskráningum sem glatast, seinkar, skemmast, eru ekki sendar inn á réttan hátt eða eru ófullnægjandi eða sem ekki er hægt að afhenda af tæknilegum ástæðum eða hverjum öðrum ástæðum. Ekki verður tekið við sönnun fyrir sendingu sem sönnun fyrir móttöku. Leikshaldari ábyrgist ekki stöðugan eða öruggan aðgang að vefsíðu leiksins.
24. Að því leyti sem lög leyfa, bera leikshaldari, umsjónaraðili vinninga og hver og einn umboðsaðila þeirra eða dreifingaraðilar ekki undir neinum kringumstæðum ábyrgð á því að bæta vinningshafa tap eða bera ábyrgð á tjóni, skemmdum, líkamstjóni eða andláti sem verður vegna viðtöku vinninga nema í þeim tilvikum sem verða vegna vanrækslu leikshaldara, umsjónaraðila vinninga og hvers og eins umboðsaðila þeirra eða dreifingaraðila eða starfsmanna þeirra. Þetta hefur ekki áhrif á lögbundin réttindi þín.
25. Leikshaldari, umsjónaraðili vinninga og tengdir umboðsaðilar leikshaldara bera enga ábyrgð á töfum eða vanrækslu á skuldbindingum sínum af ástæðum sem þeir hafa ekki stjórn á sem stafar af (en ekki takmarkað við) náttúruhamfarir, heimsfaraldur eða svæðisbundinn faraldur, slæm veðurskilyrði, eldsvoða, iðnaðardeilur, stríð, hryðjuverkastarfsemi, stríð, pólitísk ólgu, óeirðir, borgaraleg ólæti, plága eða aðrar náttúruhamfarir eða aðrar aðstæður leikshaldara. Leikshaldarar bera enga ábyrgð, verði leiknum breytt, honum frestað eða hætt við hann af einhverjum ástæðum eða af óviðráðanlegum aðstæðum. Engar bætur verða greiddar af hálfu leikshaldara.
26. Við leggjum okkur fram um að vernda friðhelgi þína. Kellogg Europe Trading Limited (Kellogg) vinnur aðeins úr upplýsingum þínum í eftirfarandi tilgangi: (1) Til að sjá um þennan leik í samræmi við skilmála og skilyrði, og (2) til að hafa samband við þig í tengslum við framtíðarleiki og í markaðslegum tilgangi. Við seljum gögnin þín aldrei til þriðja aðila en gætum sameinað gögnin þín og gögn frá öðrum aðilum til að búa til nafnlaus gögn/dulnefnissnið fyrir markhópauglýsingar. Unnið verður með gögnin þín og þau geymd á netþjónum sem staðsettir eru í Bandaríkjunum. Kellogg hefur tryggt að allir vinnsluaðilar sem við notum séu skuldbundnir samkvæmt stöðluðum samningsákvæðum ESB til að tryggja að farið sé að gagnavernd. Við geymum gögnin þín svo lengi sem samþykki þitt er gilt og þú vilt fá markaðsefni sent frá okkur. Þú átt rétt á að fá aðgang að gögnum þínum, afturkalla samþykki þitt eða fá gögnum þínum eytt. Þú átt einnig rétt á að hafa samband við Persónuverndarstofu. Fyrir frekari spurningar um hvernig við notum gögnin þín skaltu skoða persónuverndarstefnu okkar. Þú getur líka haft samband við okkur á DataPrivacyOfficer@kellogg.com. Farið verður með allar upplýsingar sem safnað er um þátttakendur í þessum leik sem trúnaðarmál í samræmi við persónuverndarstefnu leikshaldara, sem hægt er að sjá á <https://www.pringles.com/is/privacy-policy.html>.
27. Allar persónuupplýsingar sem vinningshafi gefur umsjónaraðila vinninga verða meðhöndlaðar í samræmi við persónuverndarstefnu hans, sem er aðgengileg á: <https://element-london.com/element-london-privacy-policy-travel-english>.
28. Ef einhverjar breytingar verða gerðar á leiknum lætur leikshaldari þátttakendur vita í gegnum þessa síðu.

29. Ef þess er krafist samkvæmt lögum eða sjálfseftirlitsreglum sem gilda um framkvæmd leiksins gæti leikshaldari þurft að deila einhverjum persónuupplýsingum vinningshafa með yfirvöldum, eingöngu að því marki sem krafist er samkvæmt lögum. Þessar upplýsingar kunna að innihalda nafn vinningshafa, eftirnafn, búsetusvæði eða önnur persónuupplýsingar sem leikshaldari þarf að deila.
30. Ef einhver hluti þessara skilmála og skilyrða er með lögum talinn ógildur, ólöglegur, eða honum ekki unnt að framfylgja, mun það ekki hafa áhrif á aðra hluta skilmálanna og eru þeir áfram í gildi.
31. Með þátttöku teljast þátttakendur hafa samþykkt að vera bundnir skilmálum þessum.
32. Ef ósamræmi kemur upp á milli þessara skilmála og skilmála í einhverju öðru efni kynningarefni fyrir leikinn gilda þessir skilmálar.
33. Skilmálar þessir skulu lúta lögum viðkomandi lands fyrir hvern þátttakanda og túlkun þeirra og beiting falla undir lögsögu dómstóla viðkomandi lands sem þeir eru búsettir í.

Leikshaldari: Kellogg Europe Trading Limited, 3 Dublin Airport Central (DAC), Dublin Airport, Dublin (skráningarnúmer fyrirtækis 0387390). VINSAMLEGAST EKKI SENDA SKRÁNINGAR Á ÞETTA heimilisfang.